



## HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær  
Gunnar Einarsson bæjarstjóri  
Pósthólf 100  
210 Garðabær

Hafnarfirði, 23. september 2016  
1510326 JOG  
Málalykill 512

Efni: Herjólfstraup, tenging við Álftanesveg

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 22. september sl. var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

Tekin fyrir að nýju tenging Herjólfstraugar við Álftanesveg en Garðabær er að auglýsa breytingu á deiliskipulagi þar sem sýnd er lokun á Álftanesvegi við Herjólfstraup. Skipulags- og byggingarráð mótmælti þessum fyrirætlunum á fundi sínum 17. nóvember sl.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á lokun Herjólfsgötu við Garðahraunsveg (gamla Álftarnesveg) sem kemur fram í auglýsingu um tillögu að breyttu deiliskipulagi Garðahrauns.

Tillagan er hvorki í samræmi við gildandi aðalskipulag Garðabæjar né eru gögn sem styðja við þessa ákvörðun, eins og umferðargreining eða umferðatalning.

Nái tillagan fram að ganga mun hún hafa áhrif á fjölmarga íbúa Hafnarfjarðar, Garðabæjar, vist- og starfsmenn Hrafnistu auk þess sem viðbragðtími slökki- og sjúkraliðs lengist verulega inn á þetta svæði. Skipulags- og byggingarráð skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að falla frá fyrirhuguðum breytingum.

Jafnframt felur skipulags- og byggingarráð umhverfis- og skipulagsþjónustu að vinna greinargerð og athugasemdir vegna fyrirbyggjandi tillögu í samræmi við auglýstan athugasemdafrest.

Þetta tilkynnist hér með.  
Virðingarfyllt,

  
Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta

Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
skrifstofustjóri